

Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030

4 ný efnistökusvæði, vegna Kröflulínu 3

Afgreiðsla sveitarstjórnar 15.03 2019, eftir auglýsingu.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma, en 7 umsagnir bárust frá umsagnaraðilum og eru þær raktar hér að neða og viðbrögð við þeim.

1. Náttúrufræðistofnun, dags. 16. janúar 2019.	
UMSAGNIR	VIÐBRÖGÐ
<i>Ní gerir ekki athugasemd við hana að öðru leiti en því að stofnunin leggur mikla áherslu á að öllu raski vegna efnistökkunnar, ekki síst á grónu landi, verði haldið í lágmarki og að gengið verði frá öllum námusvæðum, þ.m.t. akstursleiðum, og þau mótuð að landslagi svæðisins. Ekki séu notaðar framandi tegundir við uppgræðslu.</i>	Sveitarfélagið tekur undir athugasemd Ní en fram kemur í mótvægisáðgerðum að „svarðlag sem tekið er skal geymt og notað til uppgræðslu á efnistökusvæðum og fláum efnistökusvæða og slóða“. Eftirfarandi texta verður bætt við í kafla 4.1. um mótvægisáðgerðir. „Ekki verði notaðar framandi tegundir til uppgræðslu vegna frágangs á námum“.
2. Vegagerðin, dags 1. febrúar 2019.	
<i>Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.</i>	
3. Landsnet, dags. 4. febrúar 2019	
<i>Landsnet bendir á að í framkvæmdahluta nýlega samþykkrar Kerfisáætlunar 2018-2027 er fjallað um stöðu Kröflulínu 3 og áætlað að hefja framkvæmdir í lok árs 2018 og ljúka þeim árið 2020. Þar sem Kerfisáætlun 2018-2027 var ekki samþykkt af Orkustofnun fyrr en eftir að skipulagsbreyting Fljótsdalshrepps fór til kynningar þarf væntanlega að gera grein fyrir framkvæmdinni samkvæmt gildandi kerfisáætlun í greinargerð skipulagstillögunnar.</i>	<i>Kafli 1.5 um tengsl við aðrar áætlanir hefur verið lagfærður og uppfærður m.t.t. upplýsinga sem koma fram í framkvæmdáætlun.</i>
<i>Gerð er athugasemd við töflur á bls 11 þar sem Landsnet bendir á að heiti línunnar eftir breytingu á að vera KR3 en ekki FL4</i>	<i>Hefur verið lagfært.</i>
4. Umhverfisstofnun, dags. 7. febrúar 2019	
<i>Umhverfisstofnun bendir á að ef rask verður á svæðum sem njóta verndar þá telji hún mikilvægt að rökstuðningur þess efnis komi fram í tillögunni auk þess að hverjar mótvægisáðgerðir og hvernig vöktun verði háttáð.</i>	<i>Ekki er fyrirhugað að raska svæðum sem njóta verndar.</i>

<p>Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.</p>	<p>Ekki er fyrirhugað að raska svæðum sem njóta verndar.</p>
<p>5. Heilbrigðiseftirlit Austurlands, dags. 18. febrúar 2019</p>	
<p>Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi.</p>	
<p>6. Landgræðslan, dags. 18. febrúar 2019</p>	
<p>Í kafla 4.1 Mótvægisaðgerðir kemur fram að græða "...skal upp jafnstórt svæði og það sem raskað er...". Í sambærilegum framkvæmdum er gjarnan gert ráð fyrir stærri uppgræðslum en sem svarar flatarmáls raskaðra svæða. Auk þess er litið svo á að frágangur þess raskaða sé eðlilegur hluti framkvæmdar en eiginlegar mótægisframkvæmdar þar til viðbótar. Til einföldunar er því er yfirleitt oft gert ráð fyrir að eiginlegar mótvægisaðgerðir fari fram á um þrefaldri stærð þess svæðis sem raskað er. Með þessu móti er reynt að koma til móts við tap á jarðvegi og röskun á vatns- og næringarefnaferlum sem ekki verða endurheimtir nema á mjög löngum tíma og óvíst hvort þeir ná sambærilegum eiginleikum og virkni og fyrir rask.</p>	<p>Texta í mótvægisaðgerðum hefur verið breytt til samræmis við umsögn Landgræðslunnar.</p>
<p>7. Minjastofnun, dags. 26. febrúar 2019</p>	
<p>Minjastofnun gerir ekki athugasemdir en bendir á að taka þarf tillit til minja sem eru í grennd við efnistökusvæði og bendir að óheimilt sé að raska minjum og bendir á umsögn sína sem stofnunin veitti vegna mats á umhverfisáhrifum Kröflulínu 3.</p>	<p>Umsögn hefur ekki áhrif á tillöguna.</p>